

## NYTJAR HAFSINS

# Skaðræði kvótakerfisins

Kjartan Páll Sveinsson  
kjartan.sveinsson@gmail.com

Fyrsta grein laga um stjórn fiskveiða er svohljóðandi: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameiginlegir þjóðarinnar.“

Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Markmið laganna eru sem sagt þrjú: í fyrsta lagi eiga þau að stuðla að verndun nytjastofna í íslenski lögsögu; í öðru lagi eiga þau að tryggja hagkvæmstu nýtingu fiskistofna; og í þriðja lagi eiga þau að tryggja byggðafestu og atvinnuönguleika í sjávarþorpum og brothættum byggðum. Allt er þetta háleit markmið og göfug, en hvernig hefur íslenskum stjórnvöldum tekist til að fara eftir eigin lögum?

## 1. Verndun nytjastofna

Fyrsti og mikilvægasti þátturinn (hinnir tveir eru honum algjörliga háðir) er verndun nytjastofna. Á þessu sviði hefur kvótakerfið gjórsamlega brugðist.

Í besta falli hefur illa tekist til að vernda og byggja upp nytjastofna. Þrátt fyrir ítrekuð loforð yfir 40 ára tímabil um að þorsstofninn muni jafna sig og að ráðgjöf muni að lokum tvöfalda, þá er sanntleikurinn sá að aflamark þors er í dag 10% lægra en það var þegar kvótakerfinu var komið á 1984.

Í verstu tilvikunum hefur kvótakerfið hreinlega stuðlað að útrýmingarhættu. Humarveiðar eru nú bannaðar vegna þessa. Veiði á úthafsrækju hefur dregist saman um 90% frá 1994. Eftir að sandkoli var kvótasettur drögust veiðar á honum saman um 95%. Ráðgjöf í löngu hefur dregist saman um meira en



Eitt dýrasta hráefnið í erlendum stórmörkuðum eru þorsknakkar, „hook and line caught in Iceland“.

Mynd/ Aðsend

60% frá 2015 og 70% í keilu frá 2011. Þumalputtareglan virðist vera sú að þegar tegund er kvótasett hrynur stofninn.

Vistfræðilegur árangur af kvótakerfinu hefur því í besta falli verið minni en enginn og í versta falli stórskaðlegur. Það er ekki ein einasta fisktegund sem hefur náð sér almennilega á strik eftir kvótasetningu; flestar hafa hrundið. En hvað veldur? Svárið er flókið þar sem margir þættir fléttast saman, en í grunninn hefur

kvótakerfið hyglt þeim sem valda mestum umhverfisskaða á kostnað umhverfisvænni veiða.

Rannsóknir hafa staðfest að þriðjungur þors, 24% ýsu og 10% úfsa fer stórskaðaður undir botntrolli þar sem þeir kremjast eða drepast. Eins hefur botntroll mikil áhrif á annað lífríki hafsins og þurrkar út hrygningarslóðir og uppeldisstöðvar fiskis og skelfisks. Hafró – sem varla hefur tók á að meta stofnstarðir – horfir algjörliga framhjá skaðsemi tögveiða.

vörur verða æ háværari með hverju ári. Erlendir stórmarkaðir eru í auknum mæli farnir að merkjá fiskinn sem þeir selja út frá veiðarferum þar sem þorskur veiddur á krók er að öllu jöfnu verðmætari en sá sem veiddur er í troll. Það er erfiðt að sjá hvernig það geti á nokkum hátt verið þjóðhagslega hagkvæmara að fá lægra verð fyrir útlutningsvöru heldur en hærra.

## 3. Tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu

Áhrif kvótakerfisins á þriðja þáttinn – að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu – eru óumdeild. Frjálst framsal aflheimilda hefur skilið eftir sig svíðna jörð um allt land. Sum byggðarlög, eins og Reykjavík, Vestmannaeyjar og Eyjafjörður, hafa vissulega notið góðs af flutningum aflheimilda á milli landshluta.

Mun fleiri bæjarfélög hafa þó upplifað það að fótunum hafi verið kippit undan þeim. Blóðtakan er brothættum byggðum hefur verið linnulaus. Seinasta dæmið, þar sem 30 störfum var fyrirvaralaust skóflað út úr Seyðisfirði, er eingöngu einn kafli í langri sögu refsakárar sægreifanna. Á fundinum „Samtal um sjávarútveg“ sem SFS hélt 11. mars 2020 sagði Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, að það að treysta byggðir í landinu sé „í sjálfu sér ekki sjálfstætt markmið, og mér finnst það að vissu leyti ósanngöngum umræða þegar þannig er talað að það sé á byrgð atvinnugreinarinnar að treysta byggðir í landinu“. Reynslan sýnir að kvótaköngunum þykir lítið til byggðasjónarmiða koma. Störf og afkoma einstaklinga eru lítið annað en það á taflborði þeirra.

## Lög sem ekki ná markmiðum sínum

Hvernig stendur á því að íslensk stjórnvöld þjónast áfram með fiskveiðistjórnunarkerfi sem er ekki að ná markmiðum sínum? Hvernig getur það verið að niðurstaða Auðlindarinnar okkar, einnar stærsta

og dýrasta nefndar í sögu íslenskrar stjórnsýslu, sé að viðhalda eigi aflamarkskerfinu á þeim forsendum að það hafi „aukið hagkvæmni og hagsæld“ og „dregið úr álagi á vistkerfið“ þegar hið gagnstæða blasir við?

Stóri skúrurinn í þessu samhengi er frjálst framsal veiðiheimilda. Þó svo að úthlutun kvóta samkvæmt lögum mynda „ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum“, þá virðast sægreifarnir líta á sameiginleg þjóðarinnar sem sína einkaeign. Hugmyndin um að einkavæðing sé eini grunnurinn sem hægt sé að byggja fiskveiðistjórnunarkerfi á er orðin að ófrávikjanlegri kreddu sem hefur hrakið allar aðrar nálganir burt. Kerfið er því orðið of einsleitt og of fáir úterðarflakkar sem rúmast innan þess. Einhærni í hugmyndafræði og hagsunarkerfi hefur leitt af sér kerfislæga einsleitni, sem hefur aftur leitt til þess að þrengt hefur verulega að úterðarflakki sem rúmast illa innan kerfis sem hvetur til samþjöppunar og vinnur markvisst gegn viðvænum og félagslega ábyrgum veiðiaðferðum.

Eins þarf að klippa á nafastrenginn milli stjórnsýslunnar og sægreifanna. Sú ákvörðun stjórnvalda að skipa fyrirverandi forstjóra HB Granda í lykkihutverk innan Auðlindarinnar okkar er aðeins eitt dæmi þess hvers djúpt áhrif kvótakönganna teygja sig inn í ákvarðanatöku og opinbera stefnuáttunum. Aflæiðingarnar eru þær að stjórnsýslan tekur ítrekað galnar ákvarðanir á borð við aflvisfrumvarpið, þar sem togveiðiflotanum var gefið enn meira svigrúm til þess að skrapa hafsbottinn.

Snikjulífi sægreifanna á íslensku þjóðinni og auðlind hennar er viðhaldið af kvótakerfinu í núverandi mynd. Það er löngu orðið tímabært að stokka upp. Framtíð hafs og þjóðar er í húfi.

Kjartan Sveinsson,  
trillukar og formaður  
Strandveiðifélags Íslands.

Segðu BLESS við óværuna!

YKKAR  
pest control

BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruslunum